



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Innviðaráðuneytið
Sölvhólsgötu 7
101 Reykjavík

Reykjavík 16. mars 2023

2211021SA KB
Málalýkill: 00.64

Efni: Umsögn um áhrifamat vegna breytinga á lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga

Vísað er til erindis frá innviðaráðuneytinu, dags. 16. mars sl., þar sem óskað er eftir, á grundvelli 129. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 38/2011, að sambandið leggi mat á áhrif þeirra breytinga sem fyrirhugaðar eru á lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga nr. 54/1971 o.fl. vegna flutnings verkefna Innheimtustofnunar til ríkisins.

Sambandið hefur um árabil talað fyrir því að verkefni Innheimtustofnunar færu yfir til ríkisins og hafa fjölmargir starfshópar sem og utanaðkomandi sérfræðingar m.a. KPMG og Ríkisendurskoðun tekið undir þá skoðun. Forsaga málsins verður að öðru leyti ekki rakin í þessari umsögn enda er hana að finna í greinargerð með frumvarpinu.

Um mat á áhrifum

Í áhrifamati með frumvarpinu segir m.a.:

„Þegar horft er til framangreinda þátta er lagt til að tekið verði mið af meðaltali framlaga Jöfnunarsjóðs til Innheimtustofnunar á árunum 2012-2021 og til þess sjónarmiðs að fyrirséð er að rekstrarkostnaður ríkisins við innheimtu meðlaga verður lægri en hjá Innheimtustofnun sveitarfélaga sl. ár. Þegar horft er til framangreinda þátta er lagt til í frumvarpinu að framlag ríkisins í Jöfnunarsjóð Sveitarfélaga lækki um 0,075% af innheimtum skatttekjum ríkissjóðs og tryggingagjöldum eða úr 2,111% í 2,036%, sbr. a-liður 8. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995. Um er að ræða fjárhæð sem nemur um 750 milljónum kr. og á fjárhæðin að tryggja að ekki komi til breytinga á útgjöldum og tekjum ríkis og sveitarfélaga vegna tilfærslunnar.“

Samkvæmt áhrifamatinu eru helstu forsendur fyrir þessari fjárhæð greining á framlögum Jöfnunarsjóðs til Innheimtustofnunar og áætlaður rekstrarkostnaður sýslumanns af því að taka verkefnið yfir.

Sambandið er ekki sammála þessu kostnaðarmati og telur að um of háa fjárhæð sé að ræða m.a. af eftirfarandi ástæðum:

1. Í fyrrgreindum skýrslum KPMG og Ríkisendurskoðunar er tiltekið að miklir hagræðingarmöguleikar séu til staðar varðandi innheimtu meðlaga. Ríkið hafi því mikla möguleika til að ná fram samlegðaráhrifum við önnur verkefni m.a. sökum þess að útgreiðsla og innheimta meðlaga verður á sömu hendi. Að mati sambandsins er ekki tekið nægt tillit til þessara þátta við útreikninginn.

2. Vissulega búa hagkerfi heimsins við ákveðnar hagsveiflur og því sveiflast sú upphæð sem Jöfnunarsjóður hefur þurft að greiða nokkuð milli ára. Hins vegar er að mati sambandsins ekki hægt að horfa framhjá því að á Íslandi hefur verið nær samfelldur hagvöxtur um árabíl, kaupmáttur launa fer hækkandi og skuldastaða heimila er almennt góð. Af þessu leiðir að geta skuldara, m.a. meðlagsskuldara, til að greiða af skuldum sínum er almennt góð og því líkur til að innheimta gangi vel og haldist stöðug. Að horfa mörg ár aftur í tímann til að meta greiðslugetu framtíðarinnar á ekki við í því tilviki sem hér um ræðir.
3. Stjórnvöld hafa veruleg tækifæri til að hafa áhrif á innheimtu meðlaga með þeim ákvörðunum sem teknar eru í tengslum við almannatryggingarkerfið t.d. með breytingum á barnabótum, heimildum til skuldajöfnunar o.s.frv. eins og komið er inn á í áhrifamatinu. Að mati sambandsins er ekki með fullnægjandi hætti tekið tillit til þessara möguleika við útreikning á lækkun framlaga til Jöfnunarsjóðs.
4. Eins og fram kemur í skýrslu Ríkisendurskoðunar kom ýmislegt sérkennilegt í ljós varðandi rekstur Innheimtustofnunar sem m.a. leiddi til þess að stjórn sagði af sér og æðstu stjórnendum var í kjölfarið sagt upp. Það má því leiða líkur að því að rekstur stofnunarinnar hafi engan veginn verið fullnægjandi og að sú staðreynd hafi leitt til þess að framlög Jöfnunarsjóðs hafi verið hærri en ef rekstur stofnunarinnar hefði verið í góðu horfi. Mikilvægt er að taka tillit til þessa við ákvörðun um lækkun framlaga til Jöfnunarsjóðs og telur sambandið að það hafi ekki verið gert með fullnægjandi hætti.
5. Við flutningin fær ríkið kröfufafn stofnunarinnar og húsnæði hennar og fjármunir stofnunarinnar verða nýttir til að gera upp lífeyrisskuldbindingar. Sambandið er samþykkt þessari tilhögun en telur að hún styrki rökstuðning sambandsins fyrir því að sú fjárhæð sem lögð er til í frumvarpinu, þ.e. 750 m.kr., sé of há.

Tillaga sambandsins


Það er eindregin vilji sambandsins að klára yfirfærslu verkefna Innheimtustofnunar til ríkisins og er sambandið tilbúið að teygja sig ansi lang til þess að svo megi verða. Það er hins vegar ekki sanngjarnt að flutningur verkefnisins til ríkisins leiði til þess að ríkið njóti alls ábata af breyttri verkaskiptingu.

Í ljósi framangreinds leggur sambandið til að framlag til Jöfnunarsjóðs lækki sem nemur 600 m.kr. Málamiðlun gæti verið að lækka hlutfallið sem á að færast á milli þannig að það nemi að andvirði um 600 m.kr., en fyrstu tvö árin greiði Jöfnunarsjóður 150 m.kr. sérstaklega til ríkisins vegna þessarar breytingar. Annar möguleiki er að miða við það hlutfall sem kemur fram hér að framan, þ.e. 0,075%, en lækka það eftir tvö ár svo fjárhæðin nemi um 600 m.kr. Þriðji möguleikinn og til þrautavara af hálfu sambandsins er að hafa endurskoðunarákvæði eftir tvö eða þrjú ár og stilla hlutfallið þá upp á nýtt miðað við rauntölur. Slíkt kallar þó á nákvæma kostnaðargreiningu á tímabilinu og sértækar bókunarreglur hjá ríkinu vegna þessa verkefnis.

Að lokum

Þrátt fyrir að ágreiningur sé um fjárhæð hvetur sambandið innviðaráðuneytið til að halda áfram með málið enda er mikilvægt að það fái umræðu í ríkisstjórn og á Alþingi. Málið verður kynnt fyrir stjórn sambandsins 30. mars næstkomandi og þá fyrst mun endanleg afstaða stjórnar sambandsins til samningsfjárhæðarinnar liggja fyrir. Verði hún á annan veg en kemur í frumvarpinu, og af hálfu fulltrúa sambandsins hér að framan, verður staðan þá kynnt þeirri þingnefnd sem fjalla mun um málið.

Virðingarfyllt
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri